


ISBN 978-9979-9497-7-0



9789979949770



ISBN 978-9979-9497-7-0



9789979949770



sand is small and hard to measure. not because it's small but because it is irregularly-shaped, by definition: undefinable by exacting standards (of size, for example). but we can gauge – within limits – somethings knowable. an angularity, say, between roundness and sphericity. or a very fineness to very coarseness between silt and gravel. sand measurement is more how than what. how does it approximate abstraction? how will it fall through a sieve? and we can learn a lot from the edges. water-worn sand has angles. it packs. it holds. it turns cement to concrete. oil to asphalt. heat to glass. itself to stone. rivers bring it right to us. no wonder it's running out. wind-worn sand is round and smooth. it rolls. it drifts. away. and back. it lasts forever but is useless for building. and hard to reach. the wind makes patterns with it. and deserts... all sand is a product of weathering: water and/or wind + time. most is rotted rock. most, quartz. but sand is also lava. and shells. big ones worn small. or lots of tiny ones from tiny creatures we didn't even know existed. it doesn't matter. whatever it's made of, sand acts similarly, which is differently than the same material bigger or smaller. on its own, sand is solid, amassed, fluid, and fused to transparency, neither solid nor fluid. sand is small and hard to measure. not because it's small but because it is itself a size. enough to be carried downstream. but not so much it can't travel on a breeze. and if sand is a size, what does it measure? how long is the wind suspending it in air?

**Lani Yamamoto**



3	.
7	Enter
8	Án titils fyrir Carl Von Linné
10	Blettur
12	Úrval Útsýn
14	Margt í mörgu
16	NACHO CHEESE
24	Pappírskynning
28	Óflýjanlegar sjálfhverfur
30	a) b) c) d) e) og f)
36	10 verk fyrir staðbundna nagla
37	Skissur
46	18 ár
50	39.100.000 ISK
56	11.900.000 ISK
62	Óheppilegar afurðir
68	GDP (verg landsframleiðsla)
74	Eftirmáli
75	Myndaskrá

3	.
7	Enter
8	Untitled for Carl Von Linné
10	Nebula
12	Selective View
14	Plenty
16	NACHO CHEESE
24	Presenting papers
28	Inescapable Biases
30	a) b) c) d) e) & f)
36	10 Pieces for Found and Preinstalled Nails
37	Sketches
46	18 Years
50	Universal Sugar
56	Universal Sugar
62	Unfortunate Produce
68	GDP (Gross Domestic Product)
74	Epilogue
75	Image Index





Hildigunnur er dulspekingur hvunn dagsins sem veitir því smæsta og ómerkilega sérstaka athygli – afgangum neyslumenningar sem svífa um í vindinum. Viðfang hennar eru hlutir sem búnir eru til af mönnum og ætlaðir öðrum mönnum en hafa verið sviptir tilgangi og mikilvægi. Köllun hennar er að rýna í þessa ráðgátu lífsins.

Óður hennar til hinna fánýtu hluta neyslumenningarinnar setur fram skáldlega framsetningu um eðli listarinnar og tilgang og merkingu allra hluta. Hún er andstæð Jeff Koons í nálgun sinni á neyslumenningu, hún væri líklegri til að draga athygli áhorfandans að pakkningunni utan um reykskynjarann frekar en að hlutum sjálfum. Hún lætur okkur veita athygli þeim hlutum sem við myndum alla jafna ekki taka eftir, hlutum sem, þegar nánar er skoðað, voru framleiddir með skýran tilgang, hugsað út í hvert smáatriði og jafnvel framleiddir af mikilli ástríðu, en hafa síðan verið álitnir ómerkilegir eða óspennandi vegna eðlis þeirra eða notagildis. Hildigunnur reyndi einu sinni að apa eftir pári árgamallar dóttur minnar, sem er í senn bæði erfitt og nær ómögulegt verkefni, en nákvæm framkvæmd þess var verk í sjálfu sér.

Hildigunnur er eldhugi í listasenuinni í Reykjavík og er meðal annars með sýningarrými í vinnustofu sinni sem hún deilir með öðrum listamönnum. Ég dáist stöðugt að Hildigunni sem listamanni. Sýn hennar á það hvað skiptir máli og hvað ekki, skerpir athyglina burt frá innihaldslausum stórlausnum og inn í helgan heim raunveruleikans.

Hildigunnur is an everyday mystic, deeply in love with the small and the insignificant. The flying debris in the wind of capitalist culture. Things made by man for man with side-stepped meaning and urgency. Her passion is to unlock the mystery of life.

Her odes to the insignificant objects of our consumer-driven culture pose poetic statements about the nature of art and the meaningfulness of everything. She deals with consumer culture in the opposite way to Jeff Koons: she draws your attention to the packaging your smoke detector comes in. Hildigunnur makes us notice real things that we would otherwise miss, things that are—it turns out—made with intent, attention to detail, and even care, but that are deemed insignificant and uninteresting because of their nature or functionality. Hildigunnur once tried to replicate doodles by my then one-year-old daughter, a painstaking, almost impossible task that showed a deep side of her character. She did nothing with the doodles. The meticulous process was an end in itself.

Hildigunnur is a force of vision on the Reykjavík art scene, who, from her studio, runs the exhibition space *OPEN* with her colleagues. Hildigunnur is an artist I am constantly in awe of. Her view on the significance of the insignificant pulls the focus of life away from hollow, grand schemes and into the holy realm of reality.



**FLOKKUNARFRÆÐI FUNDINNA PLASTHLUTA  
skv. 3–5 ára manneskjum**

Verkið er samstarfsverkefni listamannsins og hóps nemenda á aldrinum 3–5 ára. Hildigunnur hafði sérstakan áhuga á því að kanna hvernig vitræn hugsanatengsl eiga sér stað, hvernig börn á þessum aldri nota flokkun til að læra og til að skilgreina heiminn í kringum sig. Verkið samanstendur allt af plasthlutum sem fundust utandyra. Plastið var þrifið og börnin bjuggu til flokkunarkerfi byggt á þeirra gildismati:

**Yfirflokkar:**  
(yfirflokkar flokkast eftir lit innan síns flokks)

- strik
- hringir
- strik með hring
- langir hringir
- glært
- blöðrur

**Undirflokkar flokkast einungis eftir lit og stærð**


**TAXONOMY OF FOUND PLASTIC OBJECTS**  
as arranged by 3–5 year old humans

The work was a collaboration project between the artist and her students, aged 3–5 years. Hildigunnur was interested in exploring the process of cognitive learning, and how children at this age use categories to learn and to define the world surrounding them. The objects in the work are all found plastic objects collected from the streets just before escaping to the sea. The plastic was then cleaned and categorised by the children. They made up a system based on their values:

**Dominant categories:**  
(Dominant articles are arranged by colour within their category)

- sticks
- circles
- sticks with a circle
- long circles
- transparent
- balloons

Indifferent articles, outside dominant categories, are arranged only by colour and size



**Dag einn fékk Hildigunnur Birgisdóttir marblett á upphandlegginn og sá stjörnuþoku. Það var þó ekki vegna sársaukans sem hún sá stjörnur og ljós, heldur vegna eftirkasta árekstursins sem umbreyttu litum húðarinnar. Við nánari skoðun og samanburð, virtust hugmyndir um sameigindi gas- og rykskýja himingeimsins og marbletta líkamans minna og minna fjarstæðukenndar. Við nánari athugun og rannsóknir kemst Hildigunnur að því að marið og stjörnuþokan eiga ekki bara litaskalann sameiginlegan, heldur einnig óljós form sín og innihald.**

Hildigunnur got a bruise on her arm one day and saw a nebula. It wasn't the pain that made her see stars and lights but rather the forceful impact on her tissues, which had left a discoloured patch on her arm. When comparing photographic images, the idea that a skin-tissue trauma and an interstellar cloud of dust and gasses in outer space would share similarities became a curious probability. Stringing this thought along, Birgisdóttir pursued this idea further and discovered that a bruise and a nebula share not only their colour schemes but also their shapeless forms and gas content.

„Heiður himininn virðist svo angurvær og dreymandi, rétt eins og heimsendir væri um garð genginn og hann þyrfti ekki annað en að hugsa um sjálfan sig“



Søren Kirkegaard, *Endurtekningin*, 1843.

Þegar mannum sleppir er heiminum frjálst að vera, ekkert er lengur stærra en annað, samlitt eða úr sömu ættkvísl, ekkert verður lengur utan kerfis, allt ER. Enginn dregur í dilka. Þegar hugurinn hvarflar að endalokum mannsins og takmörkum skynfæra hans virðast kerfi okkar stórkostlega sjálfmiðuð. Getur verið að í leit okkar að ákveðnum svörum verðum við blind á önnur. Í *Úrval Útsýn* hlutgerir Hildigunnur litblind kerfi mannsins til þess við megum betur átta okkur á hvernig skuli umgangast þau.

“The cloudless vault of heaven seems sad and meditative, as though the end of the world were past and heaven, undisturbed, were concerned only with itself.”

Søren Kirkegaard, *Repetition*, 1843.

Beyond man, the world is free to exist; hierarchies no longer prevail, no thing is larger than another, whatever its color, nothing stands outside of a system, everything IS. No judgments can be passed. When one's mind wanders towards thinking of an end to mankind and the limitations of our senses, our systems seem highly self-centred. Can it be that in our search for specific answers, we lose sight of others? In *Selective View*. Hildigunnur objectifies the colour-blind systems of man in order to better realise how they can be dealt with.







Smáhlutirnir eru kunnuglegir og framandi í senn, fundið smádót úr plasti, tekið í sundur og úr samhengi og sett saman á ný sem einstakir skúlptúrar. Ólíkum einingum úr ýmsum áttum er skeytt saman án líms eða þess háttar og tilviljun ræður því hvort og þá hvernig þær virka sem heild. Fjöldaframleiðsla og handverk stangast á í þessari verkaröð sem kallar fram hugleiðingar um hvernig við höfum mótað leiðir til skilgreiningar efnisheimsins. Fjölmargt í kringum okkur hefði litla eða enga merkingu nema fyrir þær sakir að það er hluti einhvers stærra kerfis sem býr hana til. Verkin minna um leið á gagnrýninn hátt á offramleiðslu tilgangslausra hluta í heiminum. Líftími þessara einnota plasthluta er lengdur með því að gefa þeim sérstakan gaum og skoða hvaða lærdóm megi af þeim draga. Í samhengi listarinnar og þess kerfis sem snýr að henni öðlast þeir áru hins eilífa listaverks sem hefur nú tekið á sig nýja merkingu.

The small objects are simultaneously familiar and exotic; little found plastic trinkets, taken out of context and assembled as individual sculptures. Different units from different sources are joined together without glue or the like, chance determines whether or how they work as a whole. Mass production and craftsmanship are juxtaposed in this series of works, evoking reflections on how we have shaped systems to define the material world. Many things around us have little or no meaning except for belonging to a larger system that creates it. At the same time, the work critically advertises the overproduction of meaningless objects in the world. The service life of these disposable plastic parts is extended by paying special attention to them and considering what lessons can be learned from them. In the context of art and the system that pertains to it, the objects acquire the aura of an eternal artwork that has now taken on a new meaning.



NACHO CHEESE <sup>(IS)</sup>  
Samtal við Ingibjörgu  
Sigurjónsdóttur, listamaður og  
sýningarstjóri NACHO CHEESE,  
veturinn 21/22

NACHO CHEESE <sup>(EN)</sup>  
A conversation with Ingibjörg  
Sigurjónsdóttir, artist and  
curator of NACHO CHEESE,  
winter 21/22

„Hildigunnur, ég er í Síðumúlanum og það er hérna skilti sem á stendur TIL SÖLU og ég held að sé hluti af sýningunni þinni.“

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, 2013

HB Það besta var að skiltið sjálf var til sölu og þá var komin þessi meðvitund sem við höfðum verið að ræða. Þetta þurfti líka að vera fundinn hlutur, ég gat ekki búið þetta verk til. Það varð að spretta beint úr hjólum atvinnulífsins. Ég brunaði í Síðumúlanum eftir þetta símtal. Mig langaði ekki til að kaupa skiltið því þá væri það ekki lengur til sölu. Þannig að ég gerði samning við Samskipti um að leigja skiltið og ef það seldist þá félli leigan niður og greiðslan færi til þeirra. Ég var í rauninni með skiltið í umboðssölu, nema ég lagði ekkert á það.

Það skipti mig fagurfræðilega ótrúlega miklu máli að þetta skilti væri í umboðssölu, bara eins og annað fólk notar dökkbláan og kopar í listaverk þá nota ég umboðssölu og fundin skilti. Skiltið stóð svo þarna fyrir utan Kling & Bang og auglýsti sjálf sig til sölu.

\*\*\*

IS Mín fyrsta minning var þegar við sátum í Stigahlíðinni hjá ömmu minni og afa og áttum ótrúlega skríttinn fund. Þá kom fram þessi staður sem þú varst á. Mér fannst eins og þú værir ekki alveg viss hvað þér fyndist um þetta allt saman, ég vissi ekki hvort þig langaði að gera þessa sýningu eða hvort þig langaði að gera nokkra sýningu yfir höfuð.

HB Já, mér leið svona; „það er svo mikið framleitt – afhverju að bæta við?“

IS Já, fullar hillur af einhverjum efnum sem eru flutt fram og til baka og sko óþol er ekki nógu sterkt orð.

HB Já, ég var næstum því reið.

IS Þetta var mjög róttæk *anti commercial* afstaða og möguleg pattstaða. Þú varst náttúrulega búin að koma þér út í mjög áhugavert horn af því þú getur ekki afséð það sem þú sást úti í þessu horni.

“Hildigunnur, I’m in Síðumúli, and there’s a sign here that reads FOR SALE, and I think it’s a part of your show.”

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, 2013

HB The best thing was that the sign itself was for sale and with it came this self-awareness, an element that we had felt was missing from the show. This missing piece had to be a found thing. I could not create this work.

It had to emerge directly from the practise of commerce. I rushed to Síðumúli after the phonecall. I did not want to buy the sign because then it would no longer be for sale. So I made an agreement with Samskipti to rent the sign and in the event it sold, the payment would go to them and the rent would be cancelled. I actually had the sign on commission, except I would not profit from it.

The fact that this sign was made on commission was extremely important to me in terms of aesthetics; just as other artists use navy and copper in their works of art, I use commission sales and found items. The sign then stood outside Kling & Bang and advertised itself for sale.

\*\*\*

IS My first memory of this is of us sitting in my grandparent’s house having the weirdest meeting. That’s when the place you were in became apparent. I wasn’t sure how you felt about all of this; I didn’t know if you even wanted to do this exhibition, or any exhibition at all.

HB I felt there was far too much production happening in the world and I had no desire to add to that.

IS Yes, shelves full of stuff that’s transported back and forth. Intolerant is not a strong enough word for it.

HB Yes, I was almost angry.

IS This was a very radical anti-commercial stand and a potential deadlock. You had put yourself into an interestingly tight corner because you could not unsee what you saw in that corner.

HB Algjörlega, í huga mér þá var þetta grundvallarstaður að fara á. Í framhaldi gerði ég öðruvísi verk. Ég var bara uppgefin á tilgangsleysi allra hluta, á neikvæðan hátt, ég var uppgefin á neyslumeningu og fannst ég vera að breyta siðferðislega rangt með því að taka þátt í sýningu, eða bara nokkru, alveg sama hvað. Ég var með lamandi samviskubit yfir því að keyra bíl, slíta skóm eða bara yfir að opna hurð af því að lamirnar myndu eyðast! Mér fannst eins og að gera allt/smá væri of mikið.

IS Það var það sem mér fannst svo áhugavert, af því ég var sjálf með hugsunina á þessum stað og var búin að pæla í þessum málum og átti mjög auðvelt með að skilja tilfinninguna og staðinn sem þú varst á. Þess vegna var það svo fallett og áhugavert að fá að horfa á þig, sem varst búin að taka Sveppa-dýfuna með hausinn á undan inn í þetta ástand, vinna frá þessum stað og ég vil ekki segja vinna þig út úr þessu heldur vinna með þetta einhvern veginn.

HB Ég held að mér hafi liðið svolítið eins og svikara þarna á fyrsta fundinum. Því mér leið svona en var samt að skipuleggja sýningu. Þótt ég væri að vinna með þetta öngstræti neyslumeningar, þá friðþægði það ekki samviskubitið. En það sem ég held að hafi átt sér stað við undirbúning sýningarinnar var að ég sætti mig við eitthvað sem heitir *entropy* eða framrás óreiðu. Ég átti svipað uppgjör við tilvistina þegar ég var krakki. Sem barn var ég mjög lífhrædd en varð fyrir hugljómun einn stjörnuþjartan dag úti í garði. Ég hafði nýlega frétt að sólin myndi springa... á endanum og var þess vegna logandi hrædd. En þar sem ég lá í snjógallanum mínum og horfði upp í víðfeðmi alheimsins áttaði ég mig á því hversu ótrúleg tilviljun við manneskjurnar erum og að ég var í raun og veru bara hending og engu merkilegri en hvað annað. Það sem fylgir síðan svona uppgjöri er að þar sem ekkert skiptir meira máli en annað þá skiptir í raun ALLT máli, sem opnaði áhuga minn á ÖLLU, sem var mikil gjöf og stökkbreytti sjónarhorni mínu. Annað sem svona hugsun hefur í för með sér er að hún leysir þig undan ábyrgð því þetta er hvort eð er allt töpuð barátta, eða í raun ekki mín barátta, því jörðin er bara tilviljun og bakterían sem mun lifa mannöld er systir mín. Ég lifði bara áhyggjulaus með áhuga á öllu þar til ég lendi í þessari krísu fyrir sýninguna í Kling & Bang. En þá fann ég allt í einu til ábyrgðar þegar ég horfðist í augu við einbeittan brotavilja mannkyns í umhverfismálum. Sársauki og misskipting jókst í beinum tengslum við neyslu og græðgi. Það fór eitthvað minna fyrir tilviljuninni en ég hafði haldið. Ég held að það hafi verið ástæðan fyrir þessu horni sem ég var búin að mála mig út í.

IS Ég meina ekki horn neikvætt af því þetta er vídd, þetta er horn með spirál inn í.

HB Já einmitt það er satt! Ég held að þarna sjái maður eitthvað sem maður sér ekki annars staðar, það var hugvikkandi að sjá það og það bætti nýrri vídd við

HB Absolutely. In my mind, this was an elemental place to visit. After seeing what I saw there, my work fundamentally changed. I was just fed up with the futility of everything—in a negative way. I was fed up with consumer culture, and I felt like I was acting immorally by participating in a show, or anything for that matter! I had a paralyzing remorse over driving a car, for using the soles of my shoes, and even simply opening a door because the hinges would eventually wear out! I felt like doing anything was doing too much.

IS Yes—and that was what I found so interesting because I had been thinking something along those lines and could easily relate to this feeling and the place you were in. That's why it was so beautiful and interesting to witness you, having taken a dive, headfirst into this situation, working from this place, and I don't want to say working yourself out of it, but somehow working with it.

HB I think I felt a bit like a traitor there, at the first meeting, because I had these thoughts but was organizing this show at the same time. Even though I was working with this predicament of consumer culture, it did not atone for the pangs of moral conscience. But what I think happened during the preparation of the show was that I accepted entropy. I had a similar reconciliation with existence when I was a kid. As a child, I was terrified of death but got enlightened one starlight day in my backyard. I had recently heard that the sun would explode—eventually—and was terrified. But, as I lay in my snowsuit and gazed up at the vastness of the universe, I realized how incredible a coincidence our human existence is and that I, myself, am really just a coincidence and no more remarkable than anything else. What follows such a realization is that since nothing matters more than anything else, EVERYTHING really matters. This conclusion sparked my interest in EVERYTHING, which was a great gift and changed my perspective. Another thing that transcends such a thought is that it frees you from responsibility because the situation on earth is a lost struggle, or not really my struggle since the earth is just a coincidence and the bacteria that will survive the Anthropocene is my sister. So, I lived carefree with an interest in everything as time passed until the show in Kling & Bang. I suddenly felt the heavyweight of responsibility when faced with the concentrated will of mankind to destroy the earth and its ecosystems. Pain and inequality increased in direct relation to consumption and greed. Things seemed not to be left up to change as much as they had seemed those years ago in my snowsuit.

IS I don't mean corner in a negative way, because it's a dimension. This corner has a spiral in it.

HB That's right! I think you see something there that you do not see elsewhere, it was an eye-opening viewpoint, and it added a new dimension to my work. Since then, my work has had this odd sense of self. My way out of this inactive state was the thought that since I am

HB verkin mín. Verkin eru alltaf meðvituð um sjálf sig síðan þarna. En leiðin úr þessari vanvirku vídd var sú hugsun að ef ég lifi mun ég taka þátt í þessari Entrópíu og það sé þá eins gott að vanda sig. Sem sagt gera eitthvað sem skiptir máli. Það var bjargið mitt, sem ég byggði svo næstu skref tryggilega á. Það varð eiginlega til nokkurs konar krítaría fyrir verk: „er heimurinn betri fyrir tilstuðlan þína? Ef já, þá máttu verða.“

Svo gerði ég líka kröfu á sjálfa mig að vera skapandi á nýjan hátt, ég spurði mig getur þetta ástand verið skapandi, get ég notað það til að skapa á nýjan hátt? Ég fann að ég varð að endurskoða allt, taka engu sem gefnu í því hvernig list verður til; hvernig maður hreyfir við fólki eða hvað hreyfir við mér, að ganga ekki inn í neitt sem ég hafði áður ákveðið að væri list.

Ég spurði mig hversu lítið get ég gert til að búa til list? Hversu lítið get ég sagt? Bara gera minna en gera smá. Það var einhvern veginn mitt fyrsta skref, lítið inngríp, þannig byrjaði þetta. Í fyrstu ætlaði ég bara að sýna nytjahluti sem ég átti og skila þeim svo aftur á sinn stað. Ég man að mig langaði ekki að hengja neitt upp, mig langaði bara ekki að vera með nein inngríp, mig langaði ekki að veggurinn yrði meira götöttur, ganga sjaldan inn í sýningarsalinn svo að lamirnar myndu merjast sem minnst. Þannig ég fór inn í salinn sem við Anna Hrund, sem var að sýna með mér, gerðum mjög fínan og ég hugsaði: Hvað getur sýnt sig hér, hvað er hægt að sýna hér með það sem fyrir er. Ég tók eftir öllum innstungunum og fékk þá hugmynd að ég gæti sýnt eitthvað í innstungunum, eitthvað sem gæti hengt sig sjálft (eitthvað sem kynni að sýna sig) þá lá náttúrulega bara leiðin í Byko þar sem margir myndlistarmenn ráfa um gangana, sem ég gerði, labbaði um og hugsaði hvað er hér til sölu sem getur sýnt sig án aðstoðar... og ég keypti bara svoleiðis hluti og sýndi þá í umbúðunum... t.d. naglapoka þar sem ég stakk einum nagla hálfum í gegnum plastpokann sem þeir eru seldir í og stakk honum í gat sem fyrir var á veggnum og þá hékk pokinn og sýndi sig, alveg sjálfur! Við það að verkin gátu sinnt eigin upphengi urðu þau á einhvern hátt sjálfsmeðvituð, héngu á eigin forsendum og þannig opinberuðu þau okkar sjálfmiðaða sjónarhorn. Verkið segir: ég veit að ég er ég og þú ert að horfa á mig svo þú megir vera meðvituð um eigið sjónarhorn, stund og stað og saman erum við miðja alheimsins. Eftir sýninguna þá gat ég bara tekið naglan úr og hann datt aftur í pokann og þá gat ég skilað pokanum. Það var það sem ég ætlaði mér, ég ætlaði bara að skila öllu dótinu aftur. Ég lenti svo í þeirri skelfilegu stöðu, nánast í fyrsta skipti, að fólk vildi kaupa af mér þessi verk! Eftir miklar vangaveltur ákvað ég að selja þau á kostnaðarverði og taldi mig hafa snúið allrækilega á kapitalismann, en áttaði mig svo á því að ég var bara orðin sölumaður fyrir Byko!

HB alive, I am taking part in this entropy, so I better do something worthwhile. That became the rock on which I confidently built my next steps. I actually created facetious criteria for my work: “Do you make the world a better place? If so, you can exist.”

I also demanded of myself to be creative in a new way; I asked myself if this situation could be creative, could I use it to create in a new way? I felt that I needed to rethink everything, take nothing for granted in the way art comes to be, how one affects the viewer, or even what moves me, so as not to mindlessly create art based on my preconceived notions of what it should be. I wondered how I could do less, and what would be the minimal effort to create art? How little can I say, less than a little? That was my first step, a tiny intervention; that’s how it started. At first, I was just going to show some things I had at my house and then put them back in use after the show. I remember that I did not want to hang anything on the wall because I did not want it to be perforated more than it already was. So, I went into the exhibition space that Anna Hrund, whom I was exhibiting with, and I had cleaned very nicely, and I thought: What can be shown here? What can be shown with what is already here? I noticed all the electrical sockets and got the idea that I could show something in the sockets, something that could hang on its own. Then, of course, I went to the hardware store, where so many other artists wandered the corridors and did the same thing. I walked around and thought, what is for sale here that can present itself, on its own merit. And I just bought things like that and exhibited them in their packaging - for example, a bag of nails, where I’d stuck one nail halfway through the plastic packaging and stuck it in a hole that was already in the wall—and voila! The bag hung and exhibited itself, all on its own! By being able to hang by their own merit, the works somehow became self-conscious, hung on their own terms, and thus revealed our self-centred perspective. The work says: “I know that I am me, and you are looking at me so you can be aware of your own point of view, time and place, and together we are the centre of the universe”. After the show, I could just take the nail out of the wall, and it fell back into the bag, and then I could return the bag. And that was what I intended to do. I was just going to return all the stuff. But then the strange thing happened that people wanted to buy these works from me (this had rarely happened before). After much deliberation, I decided to sell them at cost and thought I had completely outsmarted capitalism, but later realized I had just become a hardware store salesperson!

**TIL  
SÖLU**












Hér eru samankomnir hlutir úr pappír, líkt og hangandi merkimiðar, verðmiðar, glósubækur, pappapjöld og límmiðar, sem er búið að umbreyta í úthugsuð listaverk. Ekki hefur verið átt við eiginleika hvers hlutar fyrir sig, heldur fá allir hlutir að halda sér, hvort sem það er stærð, lögun, einkenni, litur eða ásigkomulag, allt er lagt að jöfnu í mikilvægi. Hildigunnur setur hlutina fram á sérbúnum statífum og hefur þannig umbreytt gerð þeirra þannig að greina má lágstemmt en jafnframt ljóðrænt samtal í sýningarrýminu.

Collected paper items such as hangtags, labels, notebooks, paperboards, and stickers, are transformed into precisely formed artworks. Maintaining the intrinsic properties of each object, all parts, whether it is the size, the form, the character, the colour, or the condition, are equally important. By presenting each item on specially designed stands, Birgisdóttir playfully recontextualised their forms to create a humble, poetic dialogue within the exhibition space.










GPR

Abkatz	Erfolgsfaktor		
	Nei	Ja	Sampla/s
Ja	20	10	30
Nei	50	5	55
Sampls	70	15	85

LA	SA	n	VB	GBE	HG	TPH
17	185	19.5	21	20.5	19	19.278
42	39.5	39.5	41	43.7	40	41.12
4	1.5	2.0	2			
27	32	31.0	28	26.5	29.5	28.9
8	8.0	7.5	7.5	6.7	7	7.85
0	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5

M  
n  
m  
je  
je



	Ja	Nei
Ja		
Nei		
su. elb		

**Ofgnótt þekkingar og hagnýting hennar hafa rekið manninn í sjálfskaparvíti sem vart sér fyrir endann á. Verkið leitast við að afhjúpa hugsun mannsins en leitar jafnframt hugprútt hins almenna innan hendinga háskólasamfélagsins og boðar nýja upplýsingu.**

*Hvort okkur auðnast að lifa áfram á þessari jörð í sam-  
býli við aðrar lífverur er öllu öðru fremur komið undir  
því að við sigrumst á þeirri heimskulegu tilhneigingu  
að skoða lífið og náttúruna eingöngu út frá sjónarhorni  
okkar sjálfra.*

**Páll Skúlason, Náttúrupælingar,  
Siðfræði náttúrunnar, Háskólaútgáfan,  
Reykjavík, 2014**

The excessive amount of knowledge, and our need to utilize it, has driven us into a seemingly endless self-inflicted limbo. The work both seeks to unveil our thoughts, and at the same time it bravely seeks the general, through the footnotes of the University community, as the source of a new Enlightenment.

*Whether we manage to keep ourselves alive on this earth in  
community with other living creatures depends above all else  
on overcoming our foolish tendency to consider life and  
nature solely from our own perspective.*

**Páll Skúlason, Reflections on Nature,  
The Ethics of Nature, Háskólaútgáfan,  
Reykjavík, 2019**

Þakin í ryki sem fellur af töflutússpennum átta ég mig á því að búið er að eyða innihaldi hugsanna minna. Enn lifir minningin um hvernig við hreyfðum okkur saman, enda var búið að festa hreyfinguna með varanlegum lit, en búið er að afmá nákvæma innihaldslýsingu. Vindhviða varð til þess að allir hlutirnir glötuðust og skýringamyndin er alveg án gagnlegra vísbendinga.

Þér gæti t.d. verið boðið í eftirpartí. Rýmið er svo yfirfullt að ég get ekki greint skít fyrir skítum og mér verður óglatt. Ég minnst þess að það er örlítið rými fyrir aftan einn vegg, sem á sér engan endi. Ég rétti út faðminn til að fanga það sem ég þekkti svo vel en er mér nú ómögulegt. Herbergið hringsnýst, olnbogarnir bogna, og gólfíð rís svo nemur við andlitið.

Þú getur skipt einhverju út ef eitthvað glatast.

En nú, þegar ég vakna, þá er bara þetta: Ógreinanlegur massi af kuski eða köggull, eða hvað svo sem við viljum kalla fyrirbærið. Þár, samstofna deig sem gefið hefur verið form, og sama skýringamyndin sem sérhver fáviti hefur rakið sig í gegnum, bara til þess eins að uppgvötva að þeir eru sér alls óvitandi hvernig þeir rötuðu þangað.

Covered in the dust of dry-wipe markers, I have come round to find that the content of my thoughts have been deleted. The memory of our movement together remains, written as it is in permanent marker, but the precise nature of the ingredients has been erased. A gust of wind resulted in all items being lost, and the diagram has neglected to retain any indication of substance.

You would be invited, for example, to the after-party. The space is covered so that I can't see the shit for the shit and I get nauseous. I recall that there is a tiny space behind one of the walls that ends in nothing. The clarity of the situation dimming from the periphery so that as I grab out to hold, that which I had previously known so firmly becomes impossible. The room spinning, my elbows buckling, and the floor rising up to meet my face.

You can replace something if something is lost. But now, upon waking, just this: An indistinguishable mass of fluff or lump or whatever we call stuff. Scribbles, a homogenous dough pressed into shape, the same diagram every fucker else has ever swept through to find themselves lost and clueless as to how they got here.



Minnispunktur: Mundu þetta! Þessa frábæru setningu sem hugsuð er rétt fyrir svefninn og er víst að eigi sér langt líf, enda tær snilld, og getur fært öll atriði saman með stórkostlegum og spennandi hætti: Hún leysist upp í tómið um leið og augnlokin ljúkast aftur.

Ég sit eftir með kerfi sem stöðugt vísar aftur í sjálft sig á dulkóðuðu máli sem ég hef löngu gleymt lyklinum að; Ég stend í miðju herberginu, og með yndisþokka þyl upp lygi, en hef þó gleymt sannfærandi lykilkpunktum hennar. Það eina sem eftir er, eru þrjár okkar, fingraför, heimildir um hugljómanir okkar sem nú skipta engu máli og vísir að litbrigðum sett fram á faguðum, hvítum fleti. Ég er með óljósa minningu um að hafa felld eitt saman við annað, minningu um að hafa hugsuð ef þetta þá hitt, og ef hitt þá nauðsynlega..., tilfinningin að vera að falla skínandi á sinn stað, gráðug í bragðið af stórkostlega vitsmunalegri hreysti minni.

Ég hef hafið ferli til að reyna að muna þau þrep sem ég fetaði og leiddu mig að þeirri hugljómun sem afmörkuð er af þessum línunum: Í því ferli set ég merkimiða á merkimiðana.

Ég kemst næstum að niðurstöðu, en átta mig þá á því að ef þetta er málið, þá er heill flokkur orðinn víta gagnslaus, og ég finn að ég verð sífellt pirraðri enda veit ég að í köku er notast við ákveðið mörg hráefni og kakan verður ekkert betri þótt bætt sé við fleirum. Þetta eru hráefnin, frá a) til f), sem notuð verða í sýningunni; 6. Þau eru 6 talsins. Það var praktísk ástæða fyrir þessu sem ég man ekki lengur, en það var ástæða og ég var alveg sérstaklega ánægð að þau voru 6; Það hafði eitthvað að gera með blaðsíðutalið að gera.

Flokkar:

- a) Hillur fyrir eitthvað og skráfur. Eru hillur veggjanna vegna?
- b) Staðbundið og nærgöngult veggfóður uppljóstrar óþægilegum sannleika fyrir þá sem leggja á sig að kynna sér sérhæft stafróf frá árinu 1894. Stafróf þetta er yfirleitt notað um stutt skeið.
- c) Flokkunarkerfi sýningarinnar sem sinnir upplýsingahlutverki er unnið úr grískum rótum og pappírssafni listamannsins, kerfið vitnar í sjálft sig.
- d) Ástríðufull postulínverk, upphaflega óður til fjöldaframleiðslu en reyndist staðfesting hins einstaka. Verkið tekur nafn frá staðbundnum gjaldmiðli, það heitir ISK á Íslandi.
- e) Allt, videoverk sem veltir vöngum yfir nauðsynlegu tilgangsleysi/tilgangi (stöðugar) upplýsingaöflunar mannkyns.
- f) Óhjákvæmilegar sjálfhverfur, eru almennir minnis-punktar í boði Háskóla Íslands, prentverk unnið upp úr fundnum glósum háskólakennara.

Note to self: Remember this: This pre-sleep perfect sentence –which is sure to stay in view considering its genius, its capacity to bring all elements into harmonious and exhilarating contact; Dissolved the moment your lids drop.

I'm left with a system endlessly quoting itself in a secret language I have forgotten the code for; I stand in the centre of the room, glamorously telling a lie I have forgotten the crucial convincing details of. All that is left is only an expression of our longing, fingerprints, evidence of now inconsequential epiphanies, the suggestion of iridescence offered in a smooth white surface. I have a fading memory of the endless folding of this into that, of if-this-then-that, of if-that-then-necessarily, the feeling of falling, incandescent into place; greedy for the taste of my own incredible intellectual athleticism.

I have begun the process of trying to remember the steps I took that lead to the insights which these lines scaffold; A process of labelling the labelling.

I reach an almost, only to realise that if this, then a whole category is useless, and a rising frustration at the fact that I know, like a cake, you have only this many ingredients and you don't need to add another because it won't make a better cake. These are the ingredients, a to f, of the show; 6. 6 they are. It was kind of a practical thing, I don't remember, but there was a reason, why I was particularly happy with them being 6; It has something to do with the pages in the book.

Categories:

- a) Are the shelves here by virtue of the walls?
- b) A very personal and site specific wallpaper unearths inconvenient truths for those who have familiarized themselves with a specialized alphabet from 1894. This alphabet is only used for short periods of time.
- c) The system classification of the show functions to inform the viewer and is processed from Greek roots and the artist's private paper collection—the system references itself.
- d) Passionate works of porcelain, originally intended as a homage to mass production, but turned out to be an affirmation of the unique. The work is named after a local currency, the title is USD in the US.
- e) Everything, a video work that contemplates the purpose, or lack thereof, of humanity's constant gathering of information.
- f) General memos, brought to you by The University of Iceland. A print based on found whiteboard notes from professors.



















10x  
18



Strom  
marki









byggr glugga



hver rami :  
1:20




x 6




stør grid papir



litr




opmærksomhed





oth  
virheima

Karen Miller



vir med  
byggja






**Sylvanian Families**



Hamburger Restaurant  
Ref. 4607

10114607 UK 00

© 1985, 2012, Epoch Co., Ltd  
© 2012 Fair Leisure Products Plc

See pack flaps for position guide







8. ágúst 2018 · 🌐



[https://www.reddit.com/.../saw\\_these\\_trapezoidshaped.../](https://www.reddit.com/.../saw_these_trapezoidshaped.../)



REDDIT.COM

**Saw these trapezoid-shaped paper notebooks with green lines on walls of a cafe in Iceland...**

3 points and 1 comments so far on reddit



1 ummæli

👍 Líkar þetta

💬 Skrifa ummæli

🔗 Deila



Pls, tell me what is it )

5ár Líkar þetta Svára





**GANGUR TÍMANS: Myndavél tekur óvart vídeó í stað myndar** er innsetning unnin í marga miðla sem veltir fyrir sér hvernig ómennskir hlutir upplifa tíma, framgang sem oft má sjá í bakgrunni ljósmynda og á samfélagsmiðlum. Hildigunnur notast við röð ljósmynda og beint streymi af netinu til að kanna hægan rauntíma pottaplantna - lifandi verur sem menn nota til að skreyta rými, t.d. heimili stofnanir eða biðstofur. Þó svo að við tökum alla jafnan ekki eftir vexti þeirra sýna myndirnar sem við birtum fryst augnablik í hægri framvindu plöntunnar. Líkt og í mörgum öðrum verkum hennar sýnir **GANGUR TÍMANS: Myndavél tekur óvart vídeó í stað myndar** hið yfirséða háleita innan þess hversdagslega.

